

Ed.

288. Frumvarp

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Kosningar til hreppsnefnda og sýslunefnda skulu fara fram með leyndlegri atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Áður en kosning byrjar skal kjörstjórn hafa til hæfilega, jafnstóra kjörseðla með sama útliti, og eigi færri en kjósendur eru í hreppnum, lokaðan atkvæðakassa með rifu á lokinu og skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum.

Framan við nöfn þeirra manna á kjörskránni, sem kjörgengir eru, skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

3. gr.

Í húsinu, þar sem kosning fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði [gengið í það nema úr kjörherberginu. Sje þess eigi kostur, má tjalda fyrir eitt hornið á kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Í herberginu, eða hinu tjaldaða horni, skal vera lítið borð, sem skrifa má við, og á því skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum og ritblý til afnota fyrir kjósendur.

4. gr.

Þá er kosning hefst, vísar formaður kjörstjórnar einum kjósanda í senn inn í kjörklefann (afherbergið), eftir sömu röð og kjósendur standa á kjörskránni, og fær honum einn kjörseðil.

Kjósandinn fer síðan inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, er hann vill velja, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra, eftir því hve marga þarf að kjósa. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman svo að letrið

snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann og gætir þess að enginn sjái hvað á seðlinum er.

5. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur og má ekki láta hann í atkvæðakassann. Einnig er kjörseðill ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum.

Ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, skal kjörstjórnin láta hann fá annan seðil.

Nú færir kjósandi ástæðu fyrir því, er kjörstjórn tekur gilda, að hann vegna sjónleysis eða annarar líkamsbilunar geti ekki framkvæmt kosninguna á fyrirskipaðan hátt, þá skal maður úr kjörstjórninni, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum.

6. gr.

Meðkjörstjórnarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

Þá er allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst.

7. gr.

Formaður kjörstjórnar skal þá opna atkvæðakassann, eftir að hafa hrist hann rækilega; tekur hann því næst upp einn og einn kjörseðil i einu, les upp töluna eða tölurnar, sem á honum standa, og rjettir hann svo meðkjörstjórunum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers sem kosinn er.

Sá eða þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir.

Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin 18. gr. sveitarsjórnarlaga frá 10. nóv. 1905, og orðin: »og um það, hvernig haga skuli kosningunni«, svo og orðin: »að framan« í fyrri málsgr. 57. gr. sömu laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.